

Tannlæknafélag Íslands  
Anný Antonsdóttir  
Síðumúli 35  
108 Reykjavík

## ERINDI UM TANNHEILSU FANGA

Allt til ársins 2008 höfðu langtímafangar fengið sérstaka styrki hjá fangelsunum til tannviðgerða eða til þess að viðhalda tönnum sínum. Styrkurinn var um mjög langan tíma um 40.000 krónur á ári en hafði hækkað upp í 51.000 kr síðustu árin. Velferðarráðuneytið hafði styrkt Fangelsismálastofnun sérstaklega vegna þessa.

Þessi styrkur varð til þess að margir langtímafangar gætu vel haldið við sínum tönnum en um leið og upp kom alvarlegri vandamál sem kostuðu mikinn pening, þá auðvitað dugði þessi upphæð engan veginn.

Fangar gátu þó samið við hvaða tannlækni sem er og það gerði það að verkum að fangar gátu haldið viðskiptum við "sinn" tannlækni sem kannski bauð upp á ódýrari þjónustu eða gat gert greiðslusamning við fangann.

Árið 2008 tók við nýr fangelsismálastjóri og einnig nýr forstöðumaður í fangelsinu á Litla Hrauni. Á sama ári varð einnig mikil kreppa á Íslandi eins og flestir vita, en það varð til þess að fangelsin þurftu að leita allra leiða til þess að skera niður. Sá niðurskurður hófst og var fyrst og fremst hjá föngunum sjálfum. Um leið varð mikið atvinnuleysi í fangelsunum því fangelsin misstu ýmsa vinnu sem fangar höfðu unnið fyrir einkafyrirtæki. Sett voru þök á þóknarir fanga og starfshlutföll minnkuð. Settar voru nýjar reglur og ein af þeim var einmitt sú að fangar fengju ekki lengur þann tannlæknastyrk sem hafði verið við lýði og að fangar fengju aðeins að fara til eins tannlæknis á Selfossi. Þetta varð til þess að fangar höfðu ekki efni á að viðhalda sínum tönnum lengur og einnig varð úti um alla afslætti sem þeir fengu hjá "sínum" tannlæknum.

Afstada hófst strax handa við að mótmæla þessum aðgerðum en það náði ekki eyrum fangelsisýfirvalda, sem þó ákváðu þau að bæta við einum tannlækni til viðbótar sem fangar gátu valið um, en sá tannlæknir er í Þorlákshöfn. Sá tannlæknir var mun sanngjarnari á upphæðir tannviðgerða fyrir fanga en þær voru samt mun hærri en fangar greiddu hjá öðrum í Reykjavík.

Fangelsisýfirvöld hafa margneitað að taka upp fyrra kerfi og ítrekað bent föngum á að fangar hafi rétt á því að sækja um tannlæknastyrki hjá sveitarfélögunum.

Fangar hafa í mörg ár sótt reglulega um styrki hjá Sveitarfélögunum en án árangurs. Sveitarfélögin neita alfarið að greiða föngum styrki til tannviðgerða þrátt fyrir að það sé skýrt í lögum að það sé hlutverk sveitarfélagana að veita slíka styrki ef einstaklingur getur sannarlega ekki framfleytt sjálfum sér. Það er útbreiddur misskilningur að einstaklingar sem eru að afplána dóma séu á framfærslu ríkisins, svo er alls ekki og hefur t.a.m.

Fangelsismálastofnun sent okkur það skriflega að það sé ekki skylda stofnunarinnar að greiða framfærslu fanga.

Reykjavíkurborg greiðir aldrei framfærslu eða styrki til fanga, þrátt fyrir að fangar geti sótt um eins og allir. Reglugerðarflóran er svo mikil að það er útilokað fyrir fanga að fá styrki á þeim bæ. Til eru þó undantekningar með sum sveitarfélög en við vitum til þess að örfá þeir hafa greitt föngum styrki til tannviðgerða en þá er það helst sveitarfélög þar sem afar sjaldgæft er að þau hafi fanga í afplánun.

Í dag fær enginn fangi styrk frá fangelsunum til tannviðgerða. Ef um er að ræða bráðaviðgerð og fanginn hefur ekki efni á viðgerðinni þá greiðir fangelsið og dregur síðan ákveðna upphæð af dagpeningum eða þóknun fangans þangað til skuldin er að fullu greidd.

Fangelsin hafa verið afar ströng og ósveiganleg með að rukka inn skuldina. Þess má geta að fangar sem eru á dagpeningum fá aðeins 3100 kr. á viku og eru dæmi um það að af þeim pening hafa fangelsin tekið 2000 kr. og því aðeins eftir 1000 kr. sem fanginn á að nota til brýnustu persónulegrar umhirðu. Fanginn á þá sem sagt ekki að geta keypt sér þá brýnustu snyrtivörur sem fanginn þarf sjálfur að kaupa eins og t.d. sjampó, balsam, sápu, eyrnarpinna, raksápu, rakvél, tannkrem, tannbursta og margt fleira sem fangelsin greiða ekki.

Þess má geta að fangar hafa allt frá 0- kr. á viku upp í um 12.000 kr. á viku ef þeir eru að vinna eða í skóla. Algengast er að fangar séu á dagpeningum 3100 kr. á viku en algengustu þóknarir fyrir fanga sem eru að vinna er um 7900 kr.

Varðandi öryrkja í fangelsunum, þá eru þeir sviptir örorkubótum eftir að þeir koma í fangelsið og fá ekki dagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins. Öryrkjar eiga mjög erfitt með að fá vinnu í fangelsunum og geta stundum ekki stimplað sig til þess að fá dagpeninga (3100-kr. á viku) í fangelsinu, vegna þess að fangar verða að stimpla sig á hverjum morgni fyrir kl 10:00, annars fá þeir ekki greidda dagpeninga og eru því tekjulausir. Öryrkjar í fangelsi fá ekki styrki til tannviðgerða á meðan afplánun stendur hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Það er mjög dýrt að vera í fangelsi og fangar þurfa að greiða hærra matvöruverð í versluninni á Litla Hrauni og eru dæmi til um að matvara hafi verið á 70% hærra verði en í matvöruverslun þar sem frjálssir einstaklingar versla. Fangar þurfa að greiða hærra mínútuverð fyrir símtöl og þar til fyrir nokkrum vikum greiddu fangar 60 % hærra mínútuverð en almenningur gerir almennt. Eftir að fangar koma í afplánun þurfa þeir áfram að greiða ýmiss konar skatta, gjöld, ferðir fyrir fjölskyldu í og frá fangelsinu til heimsóknna, afmælis og jólagjafir til barna sinna, kaupa skólagögn, símtöl, snyrtivörur og tannlæknisþjónustu.

Ástandið í dag í fangelsunum er hreint út sagt hræðilegt. Fjöldinn allur af föngum er með mjög illa skemmdar tennur og jafnvel engar tennur. Þóknarir eru svo lágar að engum getur einu sinni dottið í hug að fara í reglulega skoðun og viðgerðir sem ekki liggur mjög mikið á. Ástandið er einna verst hjá langtímaföngum enda eru þeir núna árum saman án þess að fara til tannlæknis.

Þegar fangi pantar tíma hjá tannlækni í fangelsunum þá merkir hann við viðkomandi reit á eyðublaði. Eyðublaðið fer síðan til forstöðumannsins og er það forstöðumaðurinn sem tekur síðan ákvörðun hvort um bráðatilfelli sé að ræða. Ákvörðunin er eingöngu byggð á því mati hvort greinilega sést að tönнин sé illa skemmd eða hvort mikil bólga fylgi verkinum. Ef forstöðumaður sér enga sýnilega skemmd þá færðu ekki styrk til tannlækninga og ferð ekki í forgang til að mæta til tannlæknis. Hjúkrunarkonur og læknar á Litla Hrauni hafa tjáð okkur að það sé algerlega í höndum forstöðumanns að ákveða hvort og hvernig er metið hvað sé bráðaaðgerð því hjúkrunarfólk hafi ekki menntun eða þekkingu í tannviðgerðum. Afstaða hefur margítrekað mótmælt og kvartað yfir því að forstöðumaðurinn á Litla Hrauni geti ákveðið sjálf hvað sé bráðaaðgerð, því það á einnig við um hana að hún hefur enga menntun,

þekkingu eða reynslu í tannlækningamálum og tannviðgerðum. Forstöðumaðurinn hefur einungis lokið grunnskólaprófi og starfað sem alþingismaður.

Í samtölum mínum við Svein Magnússon skrifstofustjóra hjá Velferðarráðuneytinu, hefur hann tjáð mér að hann þekki til vandans hjá föngum og það sé vitað að fangar falli undir hóp sem er einhvers staðar á milli í kerfinu því þeir geta ekki á nokkurn hátt unnið fyrir sínum tannviðgerðum og fái enga styrki hvorki hjá sveitarfélögum né Tryggingastofnun ríkisins. Því sé nauðsynlegt að finna lausn á þeim málum. Þegar ég hef síðan fengið svarbréf frá ráðuneytinu er svarið iðulega að ráðuneytinu sé kunnugt um ástandið en ekki sé hægt að fangar fái sérstaka styrki á meðan almenningsur fái ekki neina styrki. Einnig telja þeir ekki að þurfi að taka út sérstaklega ástandið í fangelsunum er varðar tannheilsu fanga eins og við höfum beðið um. Afstöðu er í dag kunnugt um nokkur mál þar sem fangar eiga í miklum erfileikum með að borða fæðu eins og venjulegt fólk, aðrir eru stöðugt með einhver vandamál í tönnum og auk þess skemmir það algerlega sjálfsálitið og getur gert fanga mun þunglyndari fyrir vikið og mjög erfitt að takst á við fangavistina og þá vinnu sem þarf að fara í til þess að betra fangann.

Embætti landlæknis er fullkunnugt um ástandið og hefur ítrekað lofað bæði okkur og fjölmiðlum að taka málið upp á fundi með Velferðarráðuneytinu, en enn höfum við engin svör fengið þaðan. Landlæknir hefur einnig tjáð okkur að það virðist sem ráðuneytin tvö, innanríkis og velferðar, séu að kasta málinu á milli sín og hvorugt vill taka það að sér.

Afstaða telur að ekki sé hægt að bíða lengur og grípa verður strax til aðgerða og taka verður á málinu af hörku. Gera þarf úttekt á vandanum og koma þar á kerfi sem gerir föngum kleypt að fá gert við sínar tennur ef um er að ræða skemmdir eða annað sem telst nauðsynlegt. Koma þarf á kerfi sem gerir föngum kleypt að fara í stærri og dýrari viðgerðir á tönnum sem þeir gætu fengið styrki til og þeim gert kleypt að greiða á sanngjarnan hátt sem getur miðast við jafnvel meirihluta afplánunar.

Ef það eru einhverjar aðrar upplýsingar sem þið óskið eftir þá erum við ávallt tilbúnir til þess að senda ykkur þær.

Virðingarfyllst

Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður

Eftir að Afstaða gaf út þessa skýrslu hafði Sveinn Magnússon hjá Velferðarráðuneytinu samband og sagði að Fangelsismálastofnun hefði aldrei fengið styrki hjá þeim til tannviðgerða fanga. Afstaða vill koma því á framfæri að það stangast á við það sem hann sagði í símtali við formann Afstöðu í mars 2014.

Anna Björg Aradóttir sviðsstjóri hjá Landlækni hafði einnig samband og sagði: "Sæl, Embætti landlæknis hefur komið á framfæri sinni skoðun á þessum málum sem eru í samræmi við það sem velferðarráðuneytið hefur sagt um málefnið ásamt því sem nefnd um endurskoðun á lögum um fullnustu refsinga á vegum innanríkisráðuneytisins komst að niðurstöðu um". Afstaða vill koma því á framfæri að þetta er ekki í samræmi við þá tölvupósta sem hún hefur sent Afstöðu og er haft eftir henni í viðtali við Fréttatímann 12/12/2014. Einnig má það koma fram að nefnd um endurskoðun á lögum um fullnustu refsina var skipuð af yfirstjórn fangelsismála á Íslandi og eru sömu aðilar og hefðu þá þurft að greiða fyrir tannlæknaþjónustuna.